

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Patreksfirði



Dags eftirlits	1.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Örn Eggertsson	Staðsetning	269447,152 575484,402

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá ákvæðum starfsleyfis kom fram við eftirlit er varða skráningar í rekstrarhandbók. Ein ábending var sett fram er varðar þjálfun stöðvarstjóra á öflun upplýsinga úr rafrænu kerfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Vatnseyri við Patreksfjörð. Stöðin hefur leyfi til að taka á móti og geyma allt að 1.400 m³ af olíu og móttaka allt að 50 tonnum af úrgangsolíu, á ári. Einnig er heimilt að geyma allt að 200 m³ af bensíni í stöðinni en gegnumstreymi þess skal þó vera minna en 5.000 tonn á ári. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Tvö frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit árið 2022, er varða þjálfun starfsmanns og skráningar og aðgengi að upplýsingum í rekstrarhandbók. Ein ábending var sett fram er varðar uppfærslu áætlana og verklagsreglna m.t.t. nýs stöðvarstjóra. Strax var brugðist við varðandi þjálfun starfsmanns og uppfærslu áætlana en enn vantar upp á að skráningar á mánaðarblöð séu fullnægjandi.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Einu breytingarnar á rekstrinum frá síðasta eftirliti er að kominn er nýr 50 m³ geymir, merktur nr. 450.06.00 (T0025) og er hann ætlaður undir úrgangsolíu. Er hann staðsettur innan þróar en ekki var búið að tengja hann er eftirlitið fór fram. Var geymirinn áður staðsettur í Örfirisey og var þykktarmældur nú í ár. Til stendur að færa áfyllingarplanið og bæta aðgengi. Einnig stendur til að girða af geymslusvæði þar sem áfyllingarplanið stendur núna.

Fimm olíugeymar eru í stöðinni, þrjár lóðréttir olíugeymar og tveir láréttir bensíngeymar. Tveir færanlegir úrgangsolíugeymar stóðu á steypu afgreiðsluplani fyrir framan stöðina en verða þeir fjarlægðir þegar ný geymirinn verður tengdur. Planið er olíuhelt og tengt olíuskilju. Allir geymar voru botnþykktarmældir á árunum 2019 og 2020 og ekki gerð athugasemd við áframhaldandi notkun þeirra. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2020 og er næsta prófun því árið 2025, eða á 5 ára fresti.

Olíubirgðastöðin fellur undir 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) og er undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarþúnað og ákvæði um fljótandi

innra þak. Mæla skal olíu í frárennsli að lágmarki 3ja hvert ár skv. gr. 4.2 í starfsleyfi og minnt er á að gera þarf mælingu nú í ár. Olíuskilja var tæmd í vor en hvorki var skráð dagsetning á mánaðablöð né kvittanir til staðar frá þjónustuaðila.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar upp á vegg og starfsleyfið til staðar í rekstrarhandbók.

Bent var á að öryggisblöð efna skulu vera á aðgengilegu formi þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg, í sér möppu eða aðgengileg með einföldum hætti, í rafrænum gagnagrunni tengdum síma starfsmanns.

Öllum úrgangi þ.m.t. olíublautum úrgangi, er skilað til Kubbs sem er móttökustaður úrgangs á Patreksfirði.

Gengið var um stöðina og olíuheld þró skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er nokkuð snyrtileg á að líta, girðingar eru í lagi og vel við haldið.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.1 og 4.3 í starfsleyfi	Skráningum á mánaðablöð í rekstrarhandbók, s.s. á mælingum í olíuskilju er ábótavant.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að stöðvarstjóri þarfnast þjálfunar í að finna þau gögn sem krafa er á um í starfsleyfi s.s. áætlanir og aðrar upplýsingar. Mikilvægt er að stöðvarstjóri þekki starfsleyfið og þær kröfur sem til rekstraraðila eru gerðar.

ANNAD


Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Eitt smávægilegt óhapp varð þegar leki varð á krana í stöðvarhúsi og fóru um 20-30 lítrar af olíu niður í olíuskilju.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.10.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

